

Mál nr. 239/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (A)

Vinnuslys við fall úr stiga 11.07. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 05.11. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.11. 2008 og dags. 08.12. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M ætlaði að sækja vörur í vörurekka og notaði til þess lausan stiga. Samstarfsmaður hans hélt við Stigann meðan hann klifraði í um 2 metra hæð. Féll stigin þannig að meiðsl hlutust af. Samkvæmt upplýsingum vátryggingartaka er venja að nota lausan stiga jafnt sem lyftara við að ná í vörur úr vörurekkanum.

Vátryggingafélagið telur ekkert athugavert við aðstæður eða verkferla að öðru leyti en því að stigin hafi ekki verið skorðaður nægilega vel. Það atriði megí beint rekja til M sjálfs.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins er getið vinnubragða og starfshátta. Eftirlitið telur að orsök slyssins megí rekja til þess að stigin hafði ekki þann stuðning sem þurfti og skekkist þegar farið var upp stigann og sennilega hafði sá sem studdi við hann að neðanverðu ekki getað haldið við stigann. Eftirlitið vísar til gr. 19.1 reglna 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarstöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Fram kemur að lausir vinnustigar sem notaðir eru skuli vera af viðurkenndri gerð. Þannig skal frá lausum stigum gengið, að ekki sé hætt á að þeir velti eða skriði til. Eftirlitið gefur þau fyrirmæli að “lausir stigar skulu vera festir eða skorðaðir þannig að þeir séu öryggir”.

Álit.

M lætur þess getið í málskotinu að viðurkennd verði skaðabótaskylda A og að M eigi rétt á greiðslu skaðabóta vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs og einnig rétt á bótum samkvæmt slysátryggingu launþega.

Málatilbúnaður M og viðbrögð vátryggingafélagsins við málskotinu eru á þann veg að einungis verður fjallað um hvort greiðsluskylda hafi stofnast vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs. Í tölvupósti vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.12. sl., er þess getið að félagið “hafði viðurkennt bótaskyldu í launþegatryggingarmálinu þegar það var lagt fyrir nefndina”.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum og athugasemdum Vinnueftirlits ríkisins voru aðstæður á vettvangi ófullnægjandi. Mikilvægt er að lausir stigar séu festir eða skorðaðir þannig að þeir séu öruggir. Á því varð misbrestur.

Ágreiningur er um hvort M eða samstarfsmaður hans hafi sett stigann í þá stellingu sem hann var í. M staðhæfir í málskotinu að honum hafi verið “skipað að ná í vörur uppí hillunni þar fyrir ofan er stigin náði. Það hafi verið óverjandi vinnubrögð, en nauðsynlegt hefði verið að festa stigann bæði að ofan og neðan”.

M er ungur að árun fæddur á árinu 1990 og hafði unnið á þessum tímabundið á þessum vinnustað. Því var mikilvægt að leiðbeina honum frekar en gert var.

Með hliðsjón af framanrituðu er ábyrgð fyrir hendi vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs sem nemur helming. Rétt þykir að skerða rétt M um helming vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda ábyrgðartryggingar atvinnureksturs er fyrir hendi sem nemur helming.

Reykjavík 9. desember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.